

Ed.

### 3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um viðbóttarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Þórisvatnsmiðlunar og undirbúnings virkjana í Tungnaá umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59, 1965 og breytingu á sömu lögum 7. maí 1969, um 704 Mkr. (8 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárrinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

#### Fylgiskjal.

### BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðbóttarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að Landsvirkjun þurfi á að halda ríkisábyrgð vegna lána til byggingar miðlunarmannvirkja við Þórisvatn og hönnunar og undirbúnings framkvæmda í þágu nýrra orkuvera í Tungnaá við Sigöldu og Hrauneyjafoss. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun vegna virkjana við Sigöldu og Hrauneyjafoss verður lagt fyrir næsta Alþingi, en ríkisstjórnin telur, að brýna nauðsyn beri til, að lögin öðlist þegar gildi að því er tekur til heimildar til ríkisábyrgðar á lánnum þessum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárrinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Þórisvatnsmiðlunar og undirbúnings virkjana í Tungnaá umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59, 1965 og breytingu á sömu lögum 7. maí 1969, um 704 Mkr. (8 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 1. september 1970.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

Magnús Jónsson.